

Starfs- og siðareglur sálmeðferðarfræðinga á Íslandi

1. Sálmeðferðarfræðingur hefur velferð skjólstæðinga sinna í fyrirrúmi og fer ekki í manngreinaralit. Hann virðir sérhvern einstakling óháð kyni, kynhneigð, kynþætti, aldri, menningu, færni, trú, stjórnálaskoðun, fjárhags- eða félagslegri stöðu. Hann virðir rétt einstaklings til sjálfsákvörðunar og sjálfræðis.
2. Sálmeðferðarfræðingur byggir störf sín á vísindalegri þekkingu og staðfestri reynslu og starfar á grundvelli faglegrar menntunar og siðferðilegra sjónarmiða. Honum er óheimilt að gefa misvísandi upplýsingar varðandi þjálfun sína og menntun og ber að sýna staðfestingu þar að lútandi sé þess óskað.
3. Auglýsingar sálmeðferðarfræðings skulu takmarkast við upplýsingar um þjónustu hans og menntun. Sálmeðferðarfræðingi er óheimilt er að halda því fram að þjónusta hans sé áhrifaríkari en annarra.
4. Í byrjun meðferðar skal sálmeðferðarfræðingur upplýsa skjólstæðing um trúnað og hvenær heilbrigðisstarfsmanni ber að rjúfa trúnað skv. lögum, gjald fyrir hvert viðtal, greiðslur fyrir tíma sem ekki er mætt í og starfs- og siðareglur sálmeðferðarfræðinga.
5. Sálmeðferðarfræðingur tekur ekki við greiðslu fyrir tímana í öðru formi en umsamdri fjárupphæð.
6. Sálmeðferðarfræðingur er bundinn trúnaði um hvaðeina sem hann verður áskynja um í samskiptum við skjólstæðing. Einungis með samþykki skjólstæðings er honum heimilt að greina þriðja aðila frá því sem fram fer í meðferð. Sjá undantekningu í 7. grein.
7. Undantekningu frá þagnarskyldu skv. 6. grein má sálmeðferðarfræðingur eingöngu gera ef borgaraleg skylda krefur, þ.e. ef sálmeðferðarfræðingur telur skjólstæðing eða aðra vera í hættu. Einnig ef málið snýr að barni sem getur verið í hættu, beitt ofbeldi eða er í aðstæðum sem eru ekki börnum boðlegar. Veiti skjólstæðingur ekki samþykki sitt við slíkar aðstæður þarf sálmeðferðarfræðingur engu að síður að sinna skyldu sinni en láta jafnframt skjólstæðing sinn vita um fyrirætlan sína.
8. Sálmeðferðarfræðingur þarf í senn að þekkja möguleika þeirrar meðferðar sem hann veitir og takmarkanir hennar og mörk eigin færni og þekkingar. Hann vísar skjólstæðingum sínum til annarra fagaðila / stofnana telji hann það þjóna hagsmunum skjólstæðings.
9. Samskipti sálmeðferðarfræðings og skjólstæðings einskorðast við meðferðarvinnuna. Ef önnur samskipti eru óhjáækæmileg, t.d. vegna smæðar samfélags, ber sálmeðferðarfræðingur ábyrgð á að skýra og tryggja mörk og halda trúnað.
10. Sálmeðferðarfræðingur er meðvitaður um það valdamisvægi sem meðferðarsambandið felur í sér og notfærir sér ekki skjólstæðing sinn tilfinningalega, kynferðislega eða fjárhagslega.

11. Sálmeðferðarfræðingur tekur ekki til meðferðar náin skyldmenni, vini eða samstarfsfólk.
12. Það er hluti af faglegri skyldu sálmeðferðarfræðings að leita handleiðslu sér reyndari fagaðila og samstarfsmanna. Þá sem endranær ber sálmeðferðarfræðingi að gæta nafnleyndar og standa í hvívetna vörð um persónulegar upplýsingar skjólstæðings.
13. Hafi sálmeðferðarfræðingur í hyggju að nýta efnivið úr meðferð til fræðilegra rannsókna ber honum að upplýsa skjólstæðing um slíkt og leita hjá honum skriflegs samþykkis í samræmi við persónuverndarlög.
14. Vísi sálmeðferðarfræðingur til efnis úr meðferð í ræðu eða riti skal hann búa svo um hnútana að útilokað sé að rekja efnið til upprunans.
15. Óski sálmeðferðarfræðingur eftir að taka upp meðferðarviðtöl þarf hann að fá skriflegt samþykki skjólstæðings þar sem skýrt er kveðið á um til hvers upptökur verða notaðar.
16. Sálmeðferðarfræðingur ber að viðhalda þekkingu sinni og færni með símenntun sem er ætlað að tryggja endurnýjun og viðhald faglegrar þekkingar. Til símenntunar telst m.a. lestur fagtímarita og bóka, greinaskrif, ráðstefnur, málstofur, fyrirlestrar, leshópar, námskeið, handleiðsla og persónuleg meðferð. Þessi upptalning er leiðbeinandi en ekki tæmandi. Sálmeðferðarfræðingur skal halda til haga gögnum sem staðfesta símenntun hans.
17. Sálmeðferðarfræðingur skal hafa viðeigandi sjúklingatryggingu sé hún í boði á Íslandi.
18. Komi til kæru skjólstæðings á hendur sálmeðferðarfræðingi ber honum skylda til að gera félagi sálmeðferðarfræðinga á Íslandi viðvart án tafar.
19. Sálmeðferðarfræðingur ber að forðast hegðun sem gæti skaðað orðspor hans, stéttarinnar og starfsfélaga.
20. Sálmeðferðarfræðingur skráir persónuupplýsingar, varðveitir þær samkvæmt lögum um öryggi sjúkraskráa og fargar þeim samkvæmt lögum um eyðingu gagna.

Starfs- og siðareglur voru samþykktar fyrir stofnfund félagsins í Reykjavík 24.október 2019

Staðfest af stjórn: Fyrir hönd stjórnar, dagsetning

_____ Formaður